

## ÞETTA VILJUM VIÐ GERA

# Sköpum hér á landi þjóðfélag jafnaðar og búsetudreifingar

— til þess þarf nýja og stórhuga byggðastefnu, sem F-listinn berst fyrir

Eitt af stærstu stjórnsmála- verkefnum vorra tíma hér á landi er að snúa við þeirri geigvænlegu byggðaröskun, sem orðið hefur í landinu á undanförunum áratugum, og skapa hér þjóðfélag jafnaðar og búsetu- dreifingar.

Til þess að leysa þetta verkefni, þarf mun röttakari og umfangsmeyri aðgerðir í byggðamálum en hingað til hafa lík- ast þessar aðgerðir verða að byggjast á skipulegri byggðastefnu, sem hefur það markmið að viðhalda og efla blómlega byggð um landið allt, og koma á efnalegu menningarlegu og stjórnfarslegu jafnrétti þegna- anna hvar á landinu sem þeir búa.

### Stefna F-listans

Málefna- og grundvöllur F-listans er það sameiginlega kosninga- ávarp, sem SFV, Möðruvallahreyfingin og Samtök jafnaðar- manna hafa samþykkt. Þar er m.a. rakin sú byggðastefna, sem F-listinn berst fyrir í þess- um þingkosningum, og sem þeir þingmenn, sem af F-lista verða kjörnir, munu leggja allt kapp á að koma í framkvæmd að kos- ningum loknum.

Þar kemur fram, að í baráttu- unni fyrir málefnum lands- byggðarinnar verður af hálfu F- listans lögð höfuðáhersla á eftirfarandi atriði:

A. Lagt verði fram fjármagn, sem raunhæfar úrlausnir í byggðamálum krefjast. Arlega verði lagður ákveðinn hundradshluti af þjóðartekju- um í Bygðasjóð, sem skipt verði niður í deildir eftir landshlutum. Hlutverk Bygðasjóðs verði að veita fjármagn til þeirra verkefna,


sem brýnust eru talin hverju sinni til þess að stuðla að við- haldi og eflingu byggða í hin- um einstöku landshlutum. Landshlutasamtök eigi aðild að ráðstöfun fjármagnsins.

B. Landinu verði skipt í þróun- arsvæði eftir því hver byggðavandinn er, en þessi svæðaskipting verði síðan lögð til grundvallar aðgerðum í fjárfestingarmálum, skatta- málum, húsnæðismálum, samgöngumálum, mennta- málum, heilbrigðismálum og öðrum málaflokkum, sem hafa áhrif til lausnar byggða- vandans. A þeim svæðum, sem lögð verður mest áhersla á, verði fyrirtækjum veitt meiri fyrirgreiðsla, lán til húsbýgginga verði hagkvæm- ari, framkvæmdum við bygg- ingar skóla og sjúkrahúsa hraðað og önnur opinber- þjónusta sniðin að skiptingunni í þróunarsvæði, en sú skipting verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

C. Gerð verði heildaráætlun um æskilega þróun byggðar á Ís- landi fram til ársins 1990. Þessi áætlun nái jafnt til byggðarþróunar í hinum ein- stöku landshlutum, sem ný- ingar landsins og gæða þess í heild.

D. Félagslegt framtak njóti forgangs í atvinnuuppbyggingu landsbyggðarinnar. Reynslan sýnir, að fyrirtæki fólksins sjálfs hafa reynt hinum dreyfðu byggðum heilladrýgst.

E. Valdakerfi ríkisins verði endurskipulagt með flutningi opinberra stofnana til hinna einstöku landshluta til að skapa lýðræðislegt jafnvægi í stjórn landsins og styrkja



Skagaströnd.

framfararþrótt landsbyggðar- innar.

F. Meginforsenda öflugrar byggðastefnu er sú, að undir- stöðuáttvinnuvegum þjóðfé- lagsins sé jafnan tryggð við- unandi rekstrarskipting. — Þúar strjálbýlisins eiga mest undir því komið, að jafnvægi ríki í þjóðarbúskapnum.

### Nýtt skipulag byggðamála

Í þessari byggðastefnu, sem í öllum meginatriðum er í sam- ræmi við þá stefnu í byggðamál- um, sem ungir framsóknar- menn hafa barist fyrir á undan- förunum árum en forysta Fram- sóknarflokksins hafnað, er í fyrsta lagi lagt til, að komið verði á nýju skipulagi byggða- mála. Þetta skipulag er í meginatrið- um á þann veg, að landinu verði

skipt niður í þróunarsvæði eftir því hver byggðavandinn er á hverjum stað, og verði þessi svæðaskipting endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Með þessum hætti er tryggt, að á hverjum tíma sé mest áhersla lögð á að leysa byggðavandann þar sem hann er mestur, því þessa svæðaskiptingu á að leggja til grundvallar aðgerðum í fjár- festingarmálum, skattamálum, húsnæðismálum, samgöngu- málum, menntamálum, heil- brigðismálum, og öðrum mála- flokkum, sem hafa áhrif til lausnar byggðavandans. Sömu- leiðis er til þess ætlast, að á þeim svæðum, sem hverju sinni verður lögð mest áhersla á, verði fyrirtækjum veitt meiri fyrirgreiðsla, lán til húsbýgginga verði hagkvæmari, fram- kvæmdum við byggingar skóla og sjúkrahús hraðað og önnur opinber þjónusta sniðin að skiptingunni í þróunarsvæði.

Jafnframt er lögð á það á- hersla, að þegar verði hafist handa við gerð heildaráætlunar um æskilega þróun byggðar á Íslandi fram til ársins 1990, og falli skipting landsins í þróunarsvæði að þeirri heildaráætlun á hverjum tíma.

Með slíkri skipulegri byggðastefnu er hægt að sigrast á byggðavandanum

### Nýtt fjármagn og aukin áhrif landshlutanna

Ljóst er, að til þess að fram- kvæma þessa byggðastefnu þarf mikið fjármagn. Bæði þarf að einbeita því fjármagni, sem þegar er fyrir hendi, enn frekar en hingað til að þeim verkefnum, sem brýnust eru, og einnig þarf að afla viðbótarfjármagns til byggðarframkvæmdanna. F- listinn leggur til í því efni, að ár- lega verði ákveðinn hundradsh- luti af þjóðartekjum lagður í Bygðasjóð, sem skipt verði niður í deildir eftir landshlutum. Hlutverk sjóðsins verði að veita fjármagn til þeirra verkefna sem brýnust eru talin hverju sinni til þess að stuðla að við- haldi og eflingu byggða í hinum einstöku landshlutum.

Jafnframt því, sem þannig verður lagt fram það fjármagn, sem raunhæfar úrlausnir í byggðamálum krefjast, verður landshlutasamtökunum veitt aðild að ráðstöfun fjármagns- ins, ef tillögur F-listans í byggðamálum ná fram að ganga. Það verður því aðeins, að kjösendur víðs vegar um land veiti F-listanum það braut- argengi, sem þarf til þess að tryggja nýrri félagsbyggju- stjórn þingmeirihluta á Alþingi. —E.J.

## Glæsilegasta bingó ársins að Hótel Sögu á fimmtudaginn

F-listinn heldur stórbingó í súlnasal Hótel Sögu fimmtudaginn 20. júní n.k., og hefst það kl. 20.30.

## FIMM SÓLARFERÐIR

Á þessu glæsilegasta bingó ársins verða margir vinningar, samtals að verðmæti um 200 þúsund kr!

Meðal vinninga eru tvær sólarferðir til Mallorca og tvær ferðir til Costa del Sol

Ferð til Rómar verður vinningurinn í happdrætti, sem dregið verður í á staðnum!

Stjórnanndi verður Baldur Óskarsson



Fjöldmennid á glæsilegasta bingó ársins!

E

N  
vins  
anf  
náð  
efne

Þ

því

svið

hæg

sem

þess

tekt

ingu

ar 0

hæg

H

mei

veri

á ef

1.

við

full

fólk:

2.

með

byg

3.

tryg

4.

sem

5.

aðg

næl

min

6.

setu

öflu

ar n

vald

Þ

svo

þes:

Þ.

fái

þet

dag

F-  
land  
þing  
kjör  
ásta  
enn  
dær  
atkv  
sem  
sæta  
dær  
man  
mei  
kosr.  
Ný  
að k